



Til:
Efni:
Upplýsingar:

helga.adalgeirsdottir@vegagerdin.is
Fw: Re: FW: Drög að tillögu að matsáætlun vegna Strandavegar um Veiðileysuháls
Sent: 18-12-2019 15:11:15 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2019120009, Bréfalyklar: 42-0
almennt

Tilvísun í mál: 2019120009
Sæl Helga, sendi þetta aftur, gleymdi einni vefslóð.

kv.

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Frá: Trausti Baldursson/NI.IS
Dags: 18.12.2019 15:08:16
Til: Helga Adalgeirsdóttir <helga.adalgeirsdottir@vegagerdin.is>
Efni: Re: FW: Drög að tillögu að matsáætlun vegna Strandavegar um Veiðileysuháls

Tilvísun í mál: 2019120009

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts þar sem óskað er eftir umsögn um drög að tillögu að matsáætlun vegna Strandavegar um Veiðileysuháls.

Náttúrufræðistofnun vill vekja athygli á því að umsagnir um matsáætlanir er ekki eitt af lögbundnum hlutverkum stofnunarinnar, sjá m.a. 68. gr. laga nr. 60/2023, en þar kemur fram að stofnuninni er einungis ætlað að gefa umsagnir um frummatsskýrslur þegar um er að ræða mat á umhverfisáhrifum. Fjárveitingar til stofnunarinnar og mannaflí taka mið af þessu. Vegna forgangsröðunar á verkefnum starfsmanna Náttúrufræðistofnunar hefur stofnunin því almennt ekki haft tök á því að yfirfara drög að matsáætlunum frá einstökum framkvæmdaaðilum. Stofnunin hefur hins vegar sinnt því að gefa umsagnir um tillögu að matsáætlunum framkvæmda þegar Skipulagsstofnun sendir þær út til umsagnar. Náttúrufræðistofnun mun því koma að frekari athugasemdum á síðari stigum ef þörf er á.

Við fljóta yfirferð á framlögðum drögum að tillögu að matsáætlun virðist hún ítarleg og lýsa vel helstu atriðum þ.e. framkvæmdinni sjálfri og öllum helstu staðháttum og náttúruferli eftir því sem kröfur eru gerða um í matsáætlun. Einnig eru kynntir mismunandi kostir að veglínu. Í kafla 4 og 5 er farið yfir umfang og áherslur í mati á umhverfisáhrifum og áhrif framkvæmdaþátta á umhverfið, vinsun og áherslur í frummatsskýrslu, komið inn á mótvægisáðgerðir og rannsóknir. Farið er vel yfir þá þætti sem fyrirhugað er að rannsaka.

Hér á eftir fylgja ýmsar ábendingar sem geta komið sér vel við frekari vinnslu á málinu og verið leiðbeinandi um hvort það vanti að tilgreina eða fjalla um einhverja náttúrufarsþætti eða áhrif á þá.

Ábendingar

Almennt vill Náttúrufræðistofnun benda á að í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri matsvinnu/skipulagsvinnu sé skoðað hvernig framkvæmdir/skipulag samræmast almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundið*) og

3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Við gerð frummatsskýrslna og skipulagsáætlana er mikilvægt að skoða áhrif þeirra m.t.t. allra framangreindra lagagreina sem ýmist geta átt við eða ekki.

Vegna frekari vinnslu á málinu vill Náttúrufræðistofnun einnig benda á eftirfarandi gögn sem geta komið að notum: Fjölrit nr. 54, Vistgerðir á Íslandi, http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf og <http://ni.is/grodur/vistgerdir> sjá jafnframt kortasjá <http://ni.is/midlun/utgafa/kort/vistgerdakort>, og Fjölrit nr. 55, Mikilvæg fuglasvæði, <http://ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi> og http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf. Jafnframt er bent á að stofnunin hefur nýlega lagt til við umhverfis- og auðlindaráðuneytið, að vernda skuli ákveðin svæði á landinu og að þau verði sett á framkvæmdaáætlun eða B-hluta náttúruminjaskrár í samræmi við lög nr. 60/2013. Öll svæðin má sjá hér: <http://ni.is/midlun/natturuminjaskra> en einnig má skoða tillögurnar í kortasjá, <https://natturuminjaskra.ni.is/>. Á það skal bent að tillögur Náttúrufræðistofnunar til ráðherra eiga eftir að fara í formlegt ferli í samræmi við 36. grein fyrrgreindra laga. Á þessari stundu segja tillögurnar því ekkert um hvort ákveðið skipulag/starfsemi falli að verndartillögu eða ekki eða hvort tillaga nái fram að ganga. Nái tillögurnar fram að ganga á einnig eftir að fjalla um skilamála sem varða verndina. Það skal því ítrekað að hér er um faglegt álit Náttúrufræðistofnunar að ræða sem eftir á vinna úr í samræmi við lög um náttúruvernd. <http://ni.is/midlun/natturuminjaskra>. Finna má upplýsingar um aðferðafræði við mat á verndargildi og val á verndarsvæðum hér: <http://utgafa.ni.is/skyrslur/2019/NI-19008.pdf>

Einnig má finna upplýsingar um 61. gr. laga um náttúruvernd hér: <https://ni.is/midlun/utgafa/kort/serstok-vernd>

Ennfremur má finna upplýsingar um seli við strendur Íslands hér: Fjölrit um seli hér: http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_56.pdf, og kortasjá <https://www.ni.is/node/27206> og válista fyrir spendýr má finna hér: <https://ni.is/node/27354>. Yfirlit yfir válista almennt má finna hér: <https://ni.is/midlun/utgafa/valistar>.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í mats- eða skipulagsvinnu byggi á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufer og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Eins og áður segir mun Náttúrufræðistofnun koma að frekari athugasemdum þegar tillaga að matsáætlun verður auglýst gerist þörf á því.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Frá: Helga Aðalgeirsdóttir <helga.adalgeirsdottir@vegagerdin.is>
Dags: 12/12/2019 02:27:01 PM
Til: "ni@ni.is" <ni@ni.is>
Efni: FW: Drög að tillögu að matsáætlun vegna Strandavegar um Veiðileysuháls

Góðan daginn

Vegagerðin er að undirbúa mat á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Strandavegi (643) um Veiðileysuháls. Meðfylgjandi eru drög að tillögu að matsáætlun sem munu fljótlega birtast á vef Vegagerðarinnar.

Vegagerðin óskar eftir að Náttúrufræðistofnun Íslands yfirfari tillöguna og geri athugasemdir ef eitthvað má betur fara.

Bestu kveðjur,




Helga Aðalgeirsdóttir
landslagsarkitekt FÍLA
Hönnunardeild

Landscape architect
Icelandic Road and Coastal Administration (IRCA)
+354 5221835 | +354 8996444
Miðhúsavegi 1 | 600 Akureyri
helga.adalgeirsdottir@vegagerdin.is
www.vegagerdin.is

Svona er gert ráð fyrir að auglýsing um tillöguna muni líta út:

Vegagerðin auglýsir hér drög að tillögu að matsáætlun vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Strandavegi (653) um Veiðileysuháls á kafla sem nær frá Kráku í Veiðileysufirði að Kjósará í Kjósarvík. Framkvæmdin er í sveitarfélaginu Árneshreppi. Núverandi Strandavegur er 11,6 km langur en gert er ráð fyrir að nýr vegur verði 11,8 km langur. Áætlanir eru um að meta umhverfisáhrif einnar veglínu, þ.e. **veglínu 708**.



Markmið framkvæmdarinnar er að bæta samgöngur á Vestfjörðum og hafa þar með jákvæð áhrif á samfélagið. Með nýjum vegi um Veidileysuháls verða samgöngur í Strandasýslu áreiðanlegri og öruggari. Að loknum framkvæmdum verður mögulegt að halda veginum á milli Bjarnarfjarðar og Djúpuvíkur opnum allan ársins hring sé á annað borð ferðaveður. Drög að tillögu að matsáætlun verða kynnt á heimasíðu Vegagerðarinnar, <http://www.vegagerdin.is/framkvaemdir/umhverfismat/matsaetlun/> samkvæmt reglugerð 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum. Almennungur getur gert athugasemdir við áætlunina og er athugasemdafrestur til 20. janúar 2020. Athugasemdir skal senda með tölvupósti til helga.adalgeirsdottir@vegagerdin.is eða til Vegagerðarinnar, Miðhúsavegi 1, 600 Akureyri.

[attachment "643-05_máu_2019.12.12_Drög að tillögu að matsáætlun.pdf" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS] [attachment "643-05_máu_2019.12.12_matsáætlun_teikningar_minni.pdf" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS]